



Reykjavík 11. júní 2026
SFS26060038

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2025-2026

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2025-2026 voru afhent í þrennu lagi, í viðkomandi leikskólum fimmtudaginn 29. janúar 2026 kl. 8:30-12:00, á frístundaráðstefnunni Höfuð í bleyti 7. maí 2026 og í viðkomandi grunnskólum 4. febrúar 2026. Markmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á gróskumiklu starfi sem fram fer í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum Reykjavíkurborgar. Verðlaununum er ætlað að veita starfsfólki þessara starfsstaða jákvæða hvatningu og stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi.

Verðlaunin sem veitt voru starfsstöðum voru listaverk eftir Einar Baldursson á Sólheimum ásamt viðurkenningarskjali. Samstarfsverkefni sem hlutu viðurkenningar fengu viðurkenningarskjöl.

Hvatningarverðlaun fyrir leikskólastarf

- Leikskólinn Jörfi fyrir verkefnið *Listasmiðjan í Jörfa*
- Leikskólinn Tjörn fyrir verkefnið *Draumar geta ræst*
- Leikskólinn Vinagarður fyrir *Tónlistar- dans og kórverkefni*

Hvatningarverðlaun fyrir grunnskólastarf

- Laugarnesskóli fyrir verkefnið *Skólabókasafn Laugarnesskóla*
- Rimaskóli fyrir verkefnið *Fjölbreytt nálgun í náttúruvísindakennslu*
- Engjaskóli fyrir verkefnið *Hamingjuhópurinn*

Hvatningarverðlaun fyrir frístundastarf

- Frístundaheimili Miðbergs fyrir verkefnið *Barnablaðið*
- Frístundaheimilið Eldflaugin fyrir verkefnið *Krakkahjálparinn*
- Hinsegin félagsmiðstöðin og Leiklistarskóli Borgarleikhússins fyrir verkefnið *Hinsegin vinnuskólahópur*

Viðurkenning fyrir samstarfsverkefni

- Hundrað&ellefu, Bakkinn, Hólabrekkuskóli, Fellaskóli og Breiðholtsskóli fyrir samstarfsverkefnið *Farsæld til framtíðar*
- Frístundamiðstöðin Miðberg, Fjölbautaskólinn í Breiðholti og Suðurmiðstöð fyrir verkefnið *16+ starf í Breiðholti*